NORRÆNIR FRÆÐSLUFUNDIR
TÆKNIMÁL SVEITARFÉLAGA
23.-26. NÓVEMBER 2026

ENGIN ÞÖRF Á SKRÁNINGU | ALLIR FYRIRLESTRAR HEFJAST KL. 13:00

Á tímum aukinnar óvissu hefur mikilvægi tæknimála sveitarfélaga sjaldan verið meira. Stríðið í Úkraínu hefur minnt okkur á að ógnir eru nær en við höldum og undirstrikar mikilvægi samstarfs og þekkingarmiðlunar milli Norðurlandanna. Í þessari norrænu fyrirlestraröð kynna sérfræðingar fjölbreytt verkefni og lausnir sem stuðla að öryggi, efla mikilvæga innviði og hjálpa samfélögum að takast á við síbreytilegar áskoranir.

TÆKNIMENN SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLÖNDUM

- ÞEGAR MEST Á REYNIR

MÁN 23. NÓV | SVÍÞJÓÐ

Snjallorkulausnir og sjálfbærar borgir: Hvernig Lundur býr sig undir framtíðina



Markus Paulsson
| Orkustefnufulltrúi
| Lundur



Jonas Birgersson
| Stofnandi og stjórnarformaður
| ViaEuropa

Lundur er í fararbroddi í þróun sjálfbærra orkulausna. Markus Paulsson fjallar um samstarf yfir 40 aðila sem vinna að því að hraða orkuskiptum og stuðla að sjálfbærari samgöngum. Jonas Birgersson kynnir EnergyNet, tæknilausn sem auðveldar miðlun raforku, bætir nýtingu staðbundinnar orkuframleiðslu og dregur úr álagi á hefðbundið raforkudreifikerfi.

ÞRI 24. NÓV | FINNLAND

Drónar í borgarumhverfi: Ný tækifæri og áskoranir



ChristinaSuomi
| Verkefnastjóri
| Helsinki

Erindið fjallar um hvernig drónar verða sífellt stærri hluti borgarumhverfisins og skapa ný tækifæri og áskoranir. Með hliðsjón af reynslu Helsinki verður fjallað um hvernig borgarskipulag, innviðir og stafræn tækni geta stuðlað að öruggri drónastarfsemi og hvernig borgir geta tekið virkan þátt í að móta framtíð hennar.

MIÐ 25. NÓV | NOREGUR

Frá BIM-líkönum til ákvarðanatöku: Hvernig gögn nýtast stjórnmálafólki



PerOveAkselvoll
| Vörueigandi
| Politikerdashbordet

Per Ove Akselvoll kynnir Politikerdashbordet, stafrænt mælaborð sem byggir á gögnum frá öllum 357 sveitarfélögum Noregs. Með mælaborðinu er hægt að bera saman mismunandi sviðsmyndir og meta hagkvæmustu lausnirnar með tilliti til líftímakostnaðar, bæði fyrir fasteignasafn sveitarfélaga í heild og einstakar byggingar. Mælaborðið er öllum aðgengilegt í Noregi.

FIM 26. NÓV | ÍSLAND

Hönnun og gerð hraunvarnargarða: Einfaldar og traustar lausnir við krefjandi aðstæður



Hörn Hrafnsdóttir
| Vatnsauðlindaverkfræðingur, M.Sc.
| Verkís

Erindið fjallar um hönnun og gerð hraunvarnargarða við Grindavík og Svartsengi til verndar byggð og mikilvægum innviðum. Með öflugu samstarfi, stöðugu áhættumati og stafrænni tækni tókst að vinna að hönnun og framkvæmdum samhliða á afar skömmum tíma. Verkefnið sýnir hvernig einfaldar, traustar lausnir og samstillt átak geta skipt sköpum þegar bregðast þarf hratt við náttúruvá.

- Allir fræðslufundirnir hefjast kl. 13 og standa í eina klst
- Engin skráning, þarf bara að mæta
- Notið QR-kóðann til að fá hlekki á fundina

IFME International Federation of Municipal Engineering
NKF Norsk Kommunalteknisk Forening
The Finnish Association of Municipal Engineering SKTY FAME Suomen kuntatekniikan yhdistys
Föreningen Sveriges Stadsbyggare
1976 50 ára 2026 SAmtök Tæknimanna Sveitarfélaga á Íslandi